

## Fangageymslan á Hverfisgötu

Lögreglustjórinn á  
höfuðborgarsvæðinu

Desember 2025  
Umsjón með vistuðum



**Útgefandi**

Umboðsmaður Alþingis  
Reykjavík  
2025

**Hönnun & umbrot**

Kolofon hönnunarstofa

**Ljósmyndir**

Starfsfólk  
umboðsmanns Alþingis

**Leturgerðir**

PT Serif  
Funnel Sans

**ISSN**

3119-0006

OPCAT-eftirlit með aðstæðum frelsissviptra

**Fangageymslan á Hverfisgötu**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Desember 2025

Umsjón með vistuðum

---

# Efnisyfirlit

|   |                                             |    |
|---|---------------------------------------------|----|
| 1 | <b>Niðurstöður</b>                          | 4  |
|   | Samantekt                                   |    |
|   | Tilmæli og ábendingar                       |    |
| 2 | <b>Um heimsóknina og aðdraganda hennar</b>  | 10 |
| 3 | <b>Aðbúnaður</b>                            | 12 |
|   | Almennt                                     |    |
|   | Lýsing í klefum                             |    |
|   | Lúga                                        |    |
|   | Hljóðmerki                                  |    |
|   | Eftirlitsmyndavélar í klefum                |    |
| 4 | <b>Eftirlit og umsjón með handteknum</b>    | 18 |
|   | Ábyrgð á eftirliti og umsjón með handteknum |    |
|   | Salernisferðir                              |    |
|   | Næring og drykkur                           |    |
|   | Viðbrögð við bjöllu                         |    |
|   | Reglubundið eftirlit                        |    |
|   | Vistun án klæða                             |    |
|   | Viðmót gagnvart vistuðum                    |    |
| 5 | <b>Heilbrigðisþjónusta</b>                  | 28 |
|   | Almennt                                     |    |
|   | Ástandsmat                                  |    |
|   | Líkamleg veikindi                           |    |
|   | Geðræn veikindi                             |    |
|   | Skortur á samstarfi                         |    |
| 6 | <b>Skráning og eftirlit</b>                 | 33 |
|   | Skráning                                    |    |
|   | Eftirlit með daglegri starfsemi             |    |
| 7 | <b>Eftirfylgni</b>                          | 39 |

# 1 Niðurstöður

1.1

## Samantekt

### Heimsóknin

Umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu að kvöldi 10. október 2025 og stóð heimsóknin yfir fram á morgun 11. október. Athugun umboðsmanns afmarkaðist að þessu sinni við verklag og starfshætti í tengslum við umsjón og eftirlit með vistuðum. Einnig voru skoðaðar myndbandsupptökur úr fangageymslunni með áherslu á þessi atriði.

### Aðbúnaður

Í skýrslunni er tilmælum beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna aðbúnaðar í fangageymslunni, svo sem í tengslum við lýsingu í klefum, hljóðmerki tengd bjöllum í klefum og ákveðna tæknilega annmarka á eftirlitsmyndavélakerfi í fangageymslunni.

Við athugun umboðsmanns vakti athygli að pappírsörkum hafði verið komið fyrir á klefahurðum í þeim tilgangi að byrgja sýn vistaðra út úr kleanum. Þeir gátu því til dæmis ekki séð á klukkur sem eru á göngum fangageymslunnar. Í skýrslunni er lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bent á að gera þurfi mönnum sem vistast í fangaklefa kleift að fylgjast með hvað tímanum líður. Í því tilliti ætti notkun pappírsmíða til að byrgja vistuðum sýn ekki að tíðkast nema í algjörum undantekningartilfellum.

### Eftirlit og umsjón með handteknum

Lögregla ber ábyrgð á að gæta öryggis einstaklinga sem vistaðir eru í fangageymslu og að sjá til þess að umsjón þeirra sé í samræmi við lög og verklagsreglur. Á meðal þeirra atriða sem umboðsmaður tók til athugunar voru möguleikar vistaðra á að komast á salerni. Ekki varð betur séð en að dæmi væru um að vistuðum hefði ekki verið sinnt eftir að þeir hringdu bjöllu í klefa og að í kjölfarið hefðu þeir gert þarfir sínar inni í kleanum. Þegar slík atvik urðu var þrifum ekki í öllum tilvikum sinnt án tafar. Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

að haga framkvæmd í fangageymslunni með þeim hætti að brugðist sé við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni án tafar sé þess nokkur kostur og að þrifum sé sömuleiðis sinnt án tafar þegar einstaklingur lætur frá sér þvag, saur, blóð eða aðra líkamsvessa í klefa.

Þá voru þess dæmi að einstaklingar vistuðust í fangaklefa án klæða. Um var að ræða einstaklinga sem höfðu verið metnir í sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahættu og því hafði fatnaður, og í sumum tilvikum einnig dýna í klefa, verið fjarlægð í öryggisskyni. Ítrekuð eru tilmæli umboðsmanns um að leita allra leiða til að forðast að vista handtekna einstaklinga klæðalaus í fangaklefa, þannig að þeir fái viðhaldið mannlegri reisu sinni, auk þess að tryggja að ávallt fari með reglubundnum hætti fram endurmat á þörfinni fyrir að einstaklingur vistist klæðalaus í klefa.

Í tengslum við eftirlit og umsjón með handteknum er tilmælum einnig beint til lögreglustjórans um að gera ýmsar úrbætur í sambandi við rauneftirlit starfsfólks með þeim sem vistast í fangageymslu og að sjá til þess að viðmót og framkoma lögreglumanna og annars starfsfólks fangageymslu í garð þeirra sé í samræmi við lög og almenn sjónarmið um mannúð og mannvirðingu.

---

### Heilbrigðisþjónusta

Meðan á vistun einstaklinga í fangageymslu stendur ber stjórnvöldum skylda til að tryggja að þeir fái notið nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu. Í skýrslunni er meðal annars vikið að ástandsmati við upphaf vistunar. Frá síðustu heimsókn umboðsmanns hafa verið settar nýjar verklagsreglur þannig að nú á að fara fram einstaklingsbundið mat á hæfi einstaklings til að vistast í fangageymslu og mögulegri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir að innleiðing ástandsmats sé til eftirbreytni bendir umboðsmaður á ókosti þess að matið sé í höndum varðstjóra án aðkomu heilbrigðismenntaðs starfsmanns, þegar slíkt á við.

Umboðsmaður hefur í fyrri skýrslum beint sjónum sínum að skorti á fullnægjandi umgjörð um vistun einstaklinga í fangageymslu í þeim tilvikum sem ástand þeirra kallar á heilbrigðisþjónustu vegna geðræns vanda sem að einhverju leyti helgast af samstarfsvanda milli kerfa löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Í skýrslunni er enn fjallað um þessi atriði og þeim tilmælum beint til hlutaðeigandi stjórnvalda að hafa með sér samráð og samvinnu um að gera ráðstafanir til þess að frelsissvipting girði ekki fyrir að þeir sem vistast í fangageymslu geti notið nauðsynlegrar geðheilbrigðisþjónustu.

### Skráning og eftirlit

Samkvæmt reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. skal rita vistunarskýrslu um vistun sérhvers manns í fangageymslu. Af dagbók vistunar og vistunarskýrslum sem umboðsmaður fékk í tengslum við heimsóknina mátti ráða að veruleg vanhöld væru á skráningu á ýmsum þeim atriðum sem reglugerðin gerir áskilnað um. Því beinir umboðsmaður þeim tilmælum til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að gæta að nákvæmri skráningu í samræmi við áskilnað þar um og skrá að auki önnur atriði sem kunna að hafa þýðingu, svo sem um frávik í fangageymslunni.

Þá er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka eftirlit innan embættisins til endurskoðunar varðandi starfsemi fangageymslunnar við Hverfisgötu með það í huga að stjórnendum berist nauðsynlegar upplýsingar og séu nægilega meðvitaðir um starfsemina til að geta brugðist við kerfisbundnum ágöllum á henni eða einstökum atvikum sem þar kunna að koma upp.

1.2

### Tilmæli og ábendingar

#### Aðbúnaður

*Taka þarf til skoðunar lýsingu í klefum í því augnamiði að hægt sé að slökkva ljós óski vistaðir þess. Standi öryggissjónarmið því í vegi beinir umboðsmaður því til lögreglustjórans að halda áfram að leita leiða til að hægt sé að hafa umgjörð myndavéla þannig að þær virki í myrkri.*

*Gera þarf mönnum sem vistast í fangaklefa kleift að sjá út úr klefa, meðal annars til að fylgjast með hvað tímanum líður. Í því tilliti ætti notkun pappírsmíða til þess að byrgja vistuðum sýn úr klefa ekki að tíðkast nema í algjörum undantekningartilfellum og þá á grundvelli veigamikilla sjónarmiða, svo sem vegna rannsóknarhagsmuna.*

*Fara þarf yfir hljóðmerki sem eiga að heyrast í varðstofu þegar bjöllum er hringt í klefa og ganga úr skugga um að búnaðurinn virki sem skyldi. Ef bilanir verða á hljóðmerkjum ætti að forðast að vista einstaklinga í klefum þar sem bilananna er vart og láta fara fram viðgerð eins fljótt og mögulegt er.*

*Í tengslum við eftirlitsmyndavélakerfi í fangageymslu þarf að taka til skoðunar hljóð- og myndgæði, meðal annars með því að athuga utanaðkomandi þætti sem kunna að trufla búnaðinn. Ganga þarf úr skugga um að myndavélabúnaður sé fullnægjandi svo hægt sé að sinna myndavélaeftirliti með viðhlítandi hætti og vista nothæfar upptökur.*

### **Eftirlit og umsjón með handteknum**

*Haga þarf framkvæmd í fangageymslu í samræmi við verklagsreglur þannig að brugðist sé við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni án tafar, sé þess nokkur kostur.*

*Sinna ætti þrifum án tafar í samræmi við verklagsreglur þegar einstaklingur lætur frá sér þvag, saur, blóð eða aðra líkamsvessa í klefa.*

*Sjá þarf til þess að verklagi, sem miðar að því að tryggja að vistuðum sé boðin næring og drykkur fljótlega eftir komu í fangageymslu og eftir þörfum, sé fylgt, þegar ástand viðkomandi stendur því ekki í vegi, og að skráningu á því sé sinnt með fullnægjandi hætti.*

*Ganga þarf úr skugga um að handteknum mönnum sé almennt sinnt strax eða skömmu eftir að boð frá bjöllu berst úr klefa, nema að veigamiklar ástæður séu fyrir hendi, og að samræmt verklag gildi um þetta atriði.*

*Það þarf að sjá til þess að rauneftirliti sé ávallt sinnt, jafnvel þótt handtekinn einstaklingur í klefa sé undir stöðugri myndvöktun.*

*Mæla ætti fyrir um lágmarkstíðni rauneftirlits í skriflegu verklagi.*

*Tryggja þarf að í starfsemi fangageymslunnar sé eftirliti í raun sinnt þegar starfsmaður ber kort sitt upp að kortalesara við klefa.*

*Tryggja þarf að rauneftirliti sé sinnt í samræmi við mat varðstjóra á þörf fyrir innlit.*

*Ítrekuð eru tilmæli umboðsmanns um að leita allra leiða til að forðast að vista handtekna einstaklinga klæðalausa í fangaklefa, þannig að þeir fái viðhaldið mannlegri reisn sinni.*

*Þá er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að tryggja að ávallt fari með reglubundnum hætti fram endurmat á þörfinni fyrir að einstaklingur vistist klæðalaus í klefa.*

*Einnig er þeirri ábendingu komið á framfæri að skoða hvort rétt sé að láta fara fram greiningu á þessum atvikum með það í huga hvort breyta þurfi verklagi við þessar aðstæður.*

*Sjá þarf til þess að framkoma lögreglumanna og annars starfsfólks sem kemur að vistun manna í fangageymslu sé í samræmi við meginreglur 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga og almenn sjónarmið um mannúð og mannvirðingu.*

*Þá er ítrekuð ábending til ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra úr eldri skýrslu vegna heimsóknar umboðsmanns á Hverfisgötu, sem gefin var út árið 2020, að fylgja eftir áformum um samræmingu verklags vegna vistunar einstaklinga í fangageymslum sem taldir eru í sjálfsvígshættu.*

### **Heilbrigðisþjónusta**

*Ávallt skal kalla til heilbrigðisstarfsfólk í fangageymslu eða færa einstakling á heilbrigðisstofnun sé ástand hans með þeim hætti að almennt sé edlilegt að hann njóti heilbrigðisþjónustu.*

*Í ljósi þeirrar ábyrgðar sem hið opinbera ber á gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu er þeim tilmælum beint til þeirra stjórnvalda sem í hlut kunna að eiga, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Landspítalans, dómsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins, að hafa með sér samráð og samvinnu um að gera ráðstafanir til þess að frelsissvipting girði ekki fyrir að þeir sem vistast í fangageymslu geti fengið nauðsynlega gegðheilbrigðisþjónustu. Hér er til dæmis vísað til þess að tryggt sé að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort ástand vistaðra kalli á sérstakar ráðstafanir, eins og lyfjagjöf eða flutning á heilbrigðisstofnun.*

### Skráning og eftirlit

- *Gæta þarf þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna, s.s. um hvort og hvenær handteknum manni var borinn matur og ef viðkomandi hefur verið færður til læknis eða á sjúkrahús*
- *Skrá ætti í vistunarskýrslur önnur veigamikil atriði sem máli kunna að skipta varðandi vistunina, svo sem upplýsingar um frávík í fangageymslu, salernisferðir vistaðra og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks.*
- *Taka þarf eftirlit innan embættisins til endurskoðunar varðandi starfsemi fangageymslunnar við Hverfisgötu með það í huga að stjórnendum berist nauðsynlegar upplýsingar og séu nægilega meðvitaðir um starfsemina til að geta brugðist við kerfisbundnum ágöllum á henni eða einstökum atvikum sem þar koma upp.*

## 2

# Um heimsóknina og aðdraganda hennar

Umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu að kvöldi 10. október 2025 og stóð heimsóknin yfir aðfaranótt 11. október og fram undir morgun þann dag. Um var að ræða eftirlitsheimsókn umboðsmanns á grundvelli OPCAT-eftirlits. Athugun umboðsmanns að þessu sinni beindist einkum að almennu verklagi og starfsháttum í tengslum við hvernig vistuðum einstaklingum er sinnt í fangageymslu lögreglu auk þess sem tilteknum atriðum í aðbúnaði var veitt sérstök athygli.

Aðdraganda heimsóknarinnar má rekja til þess að við vinnslu eftirfylgniskýrslu vegna fyrri heimsóknar umboðsmanns Alþingis í fangageymsluna bárust ábendingar frá nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) um vistanir tveggja einstaklinga í fangageymslunni við Hverfisgötu sem höfðu komið til skoðunar hjá nefndinni.<sup>1</sup> Í kjölfar ábendinganna óskaði umboðsmaður eftir gögnum í tengslum við vistanirnar og bárust þau í ágúst og september 2025.

Á meðal gagnanna voru upptökur úr eftirlitsmyndavélum af vistunum einstaklinganna tveggja auk vistunarskýrslna þeirra. Myndupptökurnar báru með sér að meðferð vistaðra í umrædd skipti hefði verið ábótavant. Annars vegar var um að ræða tilvik þar sem maður var færður úr fötum skömmu eftir að vistun í klefa hófst og var hann vistaður án klæða í um sjö klukkustundir. Þótt viðkomandi hefði reynt að hringja bjöllu til að kalla eftir aðstoð sinnti lögregla hvorki atviksbundnu né reglubundnu eftirliti meðan á vistun hans stóð. Þannig hafði viðkomandi ekki aðgengi að hreinlætisaðstöðu og neyddist af þeim sökum til að gera þarfir sínar í klefa. Í ljósi þess voru aðstæður hans við vistunina verulega íþyngjandi, ekki síst þar sem engum þrifum var sinnt af hálfu lögreglu meðan á henni stóð. Hins vegar var um að ræða vistun þar sem starfsmenn brugðust seint við boðum sem bárust frá bjöllu í klefa hins vistaða, svo sem um að komast á salerni, með þeim afleiðingum að viðkomandi gerði þarfir sínar í klefa. Í báðum tilvikum var skráningum um öll ofangreind atriði ábótavant.

1 Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025 frá 11. apríl 2025.

Að mati umboðsmanns virtust málin tvö varpa ljósi á tiltekna ágalla á meðferð vistaðra í fangageymslunni, jafnt almenna sem og er varðaði þessi tilteknu mál sérstaklega, og var því talið tilefni til þess að heimsækja fangageymsluna á grundvelli OPCAT-eftirlits.<sup>2</sup>

Eins og áður segir fór heimsóknin fram að kvöld- og næturlagi en að þessu sinni var ekki tilkynnt um nákvæma tímasetningu hennar fyrir fram. Rætt var óformlega við þá sem voru að störfum í fangageymslunni þá nótt og fylgst með starfseminni með áherslu á eftirlit og umsjón með vistuðum. Þá skoðuðu starfsmenn umboðsmanns jafnframt myndefni úr eftirlitsmyndavélum fangageymslunnar sem lögreglan hafði gert tiltækt að beiðni umboðsmanns.<sup>3</sup> Að þessu sinni voru ekki tekin formleg viðtöl við starfsfólk fangageymslunnar en rætt var við þrjú af þeim sem vistuðust í fangageymslunni umrædda nótt. Starfsfólk lögreglunnar tók mjög vel á móti umboðsmanni og var vandræðalaust að nálgast allar upplýsingar og gögn sem óskað var eftir.

Í kjölfar heimsóknarinnar boðaði umboðsmaður stjórnendur lögreglunnar á fund sem fór fram 28. október 2025. Þar voru rædd helstu álitaeftir í tengslum við heimsóknina, bæði þau sem urðu til þess að farið var í hana sem og atriði sem upp komu í heimsókninni sjálfri. Þá veittu stjórnendur umboðsmanni nánari upplýsingar um ákveðin atriði og verður vísað til þess sem þar kom fram í skýrslunni, eftir því sem við á.

---

#### Eftirfarandi tóku þátt í heimsókninni:

- Kristín Benediktsdóttir (umboðsmaður Alþingis).
- Hákon Porri Magnússon (lögfræðingur).
- Nína H. Porkelsdóttir (sérfræðingur við OPCAT-eftirlit).
- Svava Gerður Ingimundardóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).
- Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir (skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála og OPCAT).
- Þorsteinn Davíð Stefánsson (lögfræðingur).

2 Sjá nánar í Eftirfylgniskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymsluna á Hverfisgötu, bls. 24-25. Skýrslan hefur enn ekki verið birt en hún verður aðgengileg innan skamms á vefsíðu umboðsmanns Alþingis, <https://umbodsmadur.is/opcat/heimsoknir-og-skyrslur>.

3 Óskað hafði verið eftir upptökum úr fangageymslunni frá aðfaranóttum 23., 24., 30. og 31. ágúst 2025 og einnig frá aðfaranóttum 6., 7., 13., 14., 20., 21., 27. og 28. september 2025. Þess var óskað að upptökurnar tækju til vistana á umbeðnum dagsetningum á tímabilinu milli átta að kvöldi og átta að morgni. Alls voru skoðuð 47 myndbönd sem valin voru af handahófi úr fyrirbyggjandi myndböndum.

## 3 Aðbúnaður

3.1

### Almennt

Á meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við OPCAT-eftirlit er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissviptir dvelja og hvort sú aðstaða er í samræmi við lög, reglur og viðmið um mannúð og mannvirðingu.<sup>4</sup>

Umboðsmaður hefur áður heimsótt fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu og í skýrslu vegna þeirrar heimsóknar er að finna almennar upplýsingar um aðbúnaðinn í fangageymslunni, svo sem um fjölda klefa og stærð þeirra.<sup>5</sup> Í þessari skýrslu mun umfjöllunin hins vegar takmarkast við atriði sem snerta sérstaklega eftirlit með vistuðum einstaklingum og hvernig þeim er sinnt.

3.2

### Lýsing í klefum

Innbyggð ljós eru í öllum klefum í fangageymslunni. Lýsingu er hægt að stýra með hnappi sem staðsettur er á vegg fyrir utan klefa. Að sögn starfsfólks eru ljós í klefum aldrei slökkt vegna áhrifa á virkni eftirlitsmyndavéla í klefum. Þau er hins vegar hægt að dempa.<sup>6</sup> Vistaðir virtust eiga erfitt með að hvíla sig vegna birtunnar og reyndu sumir að hylja andlit sitt með teppi til þess að skýla sér fyrir henni. Að sögn starfsfólks eru umkvartanir vistaðra vegna viðvarandi lýsingar í klefum algengar.

Starfsfólk nefndi að ástæðan fyrir því að eftirlitsmyndavélar í klefum missa virkni sína þegar ljós eru slökkt sé sú að utan um þær sé kúpull úr plexíglasi sem ver þær fyrir ágangi. Yrði kúpullinn fjarlægður og myndavélar felldar inn í loft gætu þær virkað óháð birtustigi. Fram kom á fundi með stjórnendum í kjölfar heimsóknarinnar að húsnæði fangageymslunnar og eðli starfseminnar sem þar fer fram, þ.e. að öryggissjónarmið valdi því að ekki sé hægt að fjarlægja kúpulinn, standi í vegi fyrir því að unnt sé að breyta fyrirkomulagi myndavélanna. Þótt umboðsmaður hafi skilning á þeim skýringum og sé meðvituð um þá öryggis-

4 Þetta leiðir af 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

5 Sjá 8. kafla í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019*, bls. 48-59. Birt á vefslóð: [https://www.umboðsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsok-narskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umboðsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsok-narskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2025].

6 Sjá umfjöllun í kafla 3.5 um eftirlitsmyndavélar.

og verndarhagsmuni sem myndvöktun kann að þjóna er ekki hægt að líta fram hjá því að stöðug lýsing í klefa getur verið til þess fallin að valda vistuðum einstaklingum í fangageymslu verulegum óþægindum, án þess að fram hafi farið mat á því hvort lýsingar sé þörf og þannig óvíst að ávallt séu fyrir hendi réttlætingarástæður fyrir fyrirkomulaginu.<sup>7</sup> Þá kann það auk þess, eins og kom fram í samtölum við starfsmenn, að létta á starfseminni að gera þeim einstaklingum sem vistast í fangageymslu kleift að hvílast meðan á vistuninni stendur.

Mynd 1



Ljós í lofti í fangaklefa og eftirlitsmyndavél í kúpli.

7 Í viðmiðum Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) um varðhald lögreglu kemur fram að lýsing í klefum skuli vera fullnægjandi. Til nánari skýringar er því síðan bætt við að lýsingin skuli duga til lesturs, að svefntíma undanskildum. Verður því ekki dregin önnur ályktun en sú að á svefntíma sé gert ráð fyrir að lýsing sé að minnsta kosti minni en á öðrum tímum. *Sjá Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992, CPT/Inf(92)3-part1, málsg. 42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 15. desember 2025].*

## 3.3

**Lúga**

Á hverri klefahurð í fangageymslunni er lúga með hlera. Hana er hægt að opna að utan og er hún meðal annars notuð af starfsfólki þegar ræða þarf við vistaðan einstakling. Á lúguhleranum er gluggi sem gerir vistuðum einstaklingum kleift að sjá út úr kleanum, til að mynda á klukkur sem eru á veggjum í fangageymslunni<sup>8</sup> og merkingar um að myndvöktun fari fram í fangageymslunni.

Þegar umboðsmaður heimsótti fangageymsluna höfðu pappírsarkir verið festar fyrir ofan lúgu á hverri klefahurð með segli til þess að hylja rúðurnar. Að sögn starfsfólks hafði þetta verið gert til þess að hindra að þeir sem vistast í klefa gætu séð aðra handtekna einstaklinga sem leiddir væru í gegnum fangageymsluna, en að baki því byggju sjónarmið um friðhelgi einkalífs og eftir atvikum rannsóknarhagsmunir, svo sem ef um væri að ræða sakborninga í sama máli. Myndbandsupptökur sem starfsfólk umboðsmanns skoðaði vegna heimsóknarinnar sýndu að arkirnar voru fyrir lúgunum öllum stundum og má því leiða að því líkur að ekki hafi farið fram mat á nauðsyn þessa fyrirkomulags í hvert skipti sem einstaklingur vistaðist í klefa. Þá kom fram af hálfu stjórnenda á fundi í kjölfar heimsóknar umboðsmanns að þessa framkvæmd ætti ekki að viðhafa öllum stundum heldur einungis í einstökum tilvikum og þá með tilliti til rannsóknarhagsmuna.

Af þessu tilefni er hér rétt að minna á mikilvægi þess annars vegar að handteknir einstaklingar geti fylgst með því hvað tímanum líður, meðal annars svo þeir geti gætt að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar, og hins vegar að tryggt sé að þeir séu upplýstir um myndvöktun með fullnægjandi hætti, en á klefagöngunum hanga merkingar um hana.<sup>9</sup> Í ljósi þess að menn kunna að dvelja í allt að 24 stundir í fangaklefa í fábrotinu umhverfi getur það einnig verið þeim mikilvægt að sjá út, svo sem til að geta virt fyrir sér umhverfi og sjá umgang um fangageymsluna. Kjósi einstaklingar að hafa eitthvað sem byrgir sýn úr kleanum er hægt að hugsa sér að sá hinn sami geti óskað eftir því sérstaklega.

8 Klukkurnar voru settar upp í samræmi við tilmæli umboðsmanns í fyrri skýrslu vegna fangageymslunnar á Hverfisgötu, sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019*, bls. 58. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2025] og *Eftirfylgniskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymsluna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu*, bls. 11. Skýrslan hefur enn ekki verið birt en hún verður aðgengileg innan skamms á vefsíðu umboðsmanns Alþingis, <https://umbodsmadur.is/opcat/heimsoknir-og-skyrslur>.

9 Sjá meðal annars umfjöllun um myndvöktun í kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14-17. Birt á vefslóð: <https://umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

Myndir 2 og 3



Pappírsarkir yfir lúgum á klefahurðum.

3.4

**Hljóðmerki**

Í öllum klefum eru bjöllur sem eru ætlaðar til þess að vistaðir einstaklingar geti gert vart við sig, svo sem til að biðja um aðstoð við að komast á salerni eða óska eftir næringu. Þegar bjöllu er hringt heyrir hljóðmerki í varðstofu auk þess sem ljós kviknar á mælaborði sem sýnir númer klefa. Ljós- og hljóðmerki á varðstofu slokkna ekki fyrr en starfsmaður hefur farið að klefa viðkomandi og lagt starfsmannakort sitt við lesara sem staðsettur er við hlið klefadyranna. Þegar heimsókn umboðsmanns fór fram virkuðu ekki hljóðmerki í varðstofu vegna þriggja klefa. Að sögn starfsfólks var um að ræða bilun sem hafði varað um nokkra hríð. Miðað við fyrirliggjandi gögn voru vistanir ekki fátíðari í þessum þremur klefum þrátt fyrir bilunina. Á fundi með stjórnendum í kjölfar heimsóknarinnar varð ljóst að þeir voru ekki meðvitaðir um að hljóðmerki vegna þessara þriggja klefa virkuðu ekki og höfðu ekki gert í einhvern tíma.

Í ljósi þess að bjalla í klefa er helsta leið handtekings einstaklings til þess að ná athygli starfsfólks, jafnt ef hann þarfnast einhvers við eða ef til dæmis er um brád veikindi að ræða, er brýnt að hljóðmerki séu í lagi.

3.5

**Eftirlitsmyndavélar í klefum**

Eftirlitsmyndavélum hefur verið komið fyrir í öllum klefum fangageymslunnar.<sup>10</sup> Alla jafna er kveikt á eftirlitsmyndavélum meðan á vistun stendur en starfsmenn fylgjast með streymi úr klefum á skjám í varðstofu. Meðan á heimsókninni stóð urðu starfsmenn umboðsmanns varir við ákveðna tæknilega ágalla í tengslum við myndvöktun í fangageymslunni sem nú verða raktir.

*Kúplar*

Sem áður segir eru kúplar utan um eftirlitsmyndavélar í klefum sem verja þær fyrir hnjaski. Líkt og fram kom í kafla 3.2 virðast kúplarnir hafa áhrif á getu myndavélanna til þess að vakta í myrkri.

*Hljóðgæði*

Við yfirferð starfsmanna umboðsmanns á myndefni úr fangageymslunni kom í ljós að hljóðgæði á upptökum voru þannig að í einhverjum tilvikum var ekki hægt að greina orðaskil. Umboðsmanni er ekki ljóst hvort um er að ræða bilun í eftirlitsbúnaði eða hvort utanaðkomandi þættir, svo sem hljóðvist, staðsetning myndavéla eða öryggiskúplar, trufla hljóðgæðin. Myndefni úr klefum getur haft mikla þýðingu, svo sem ef upp koma ágreiningsmál varðandi vistunina, og því er mikilvægt að hægt sé að treysta á að hljóðupptökubúnaður sé fullnægjandi.

<sup>10</sup> Almenna umfjöllun um myndvöktun má finna í kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14-17. Birt á vefslóð: <https://umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

### *Truflun á streymi*

Starfsmenn umboðsmanns urðu varir við það í eitt skipti meðan á heimsókninni stóð að streymi úr myndavél í klefa, þar sem vistaður maður dvaldi, stöðvaðist. Þar sem vistaðir eru oft hreyfingarlausir í langan tíma í klefum getur verið erfitt að greina hvort streymið hafi stöðvast og skjár sé „frosinn“ eða hvort vöktunin sé enn virk. Á fundi með stjórnendum í kjölfar heimsóknarinnar kom fram að þegar hefði verið gripið til ákveðinna ráðstafana til að hindra að þessar aðstæður komi upp, þ.e. að streymið stöðvist.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** varðandi aðbúnað í fangageymslu við Hverfisgötu:*

### **Tilmæli**

- Taka þarf til skoðunar lýsingu í klefum með það að markmiði að hægt sé að slökkva ljós óski vistaðir þess. Standi öryggissjónarmið því í vegi beinir umboðsmaður því til lögreglustjórans að halda áfram að leita leiða til að hægt sé að hafa umgjörð myndavéla þannig að þær virki í myrkri.
- Gera þarf mönnum sem vistast í fangaklefa kleift að sjá út úr klefa, meðal annars til að fylgjast með hvað tímanum líður. Í því tilliti ætti notkun pappírsmíða til þess að byrgja vistuðum sýn úr klefa ekki að tíðkast nema í algjörum undantekningartilfellum og þá á grundvelli veigamikilla sjónarmiða, svo sem vegna rannsóknarhagsmuna.
- Fara þarf yfir hljóðmerki sem eiga að heyrast í varðstofu þegar bjöllum er hringt í klefa og ganga úr skugga um að búnaðurinn virki sem skyldi. Ef bilanir verða á hljóðmerkjum ætti að forðast að vista einstaklinga í klefum þar sem bilananna er vart og láta fara fram viðgerð eins fljótt og mögulegt er.
- Í tengslum við eftirlitsmyndavélakerfi í fangageymslu þarf að taka til skoðunar hljóð- og myndgæði, meðal annars með því að athuga utanaðkomandi þætti sem kunna að trufla búnaðinn. Ganga þarf úr skugga um að myndavélabúnaður sé fullnægjandi svo hægt sé að sinna myndavélaeftirliti með viðhlítandi hætti og vista nothæfar upptökur.

## 4 Eftirlit og umsjón með handteknum

4.1

### Ábyrgð á eftirliti og umsjón með handteknum

Lögregla ber ábyrgð á að gæta öryggis einstaklinga sem vistaðir eru í fangageymslu.<sup>11</sup> Í verklagsreglum lögreglu um fangageymslur LRH er ábyrgð og hlutverk tiltekinna starfsmanna gagnvart handteknum einstaklingum nánar skilgreint. Aðstoðarlögreglustjóri löggæslusviðs ber ábyrgð á innleiðingu verklagsreglunnar og viðhaldi hennar en stöðvarstjórar með stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóna skulu tryggja að unnið sé samkvæmt henni. Allir sem koma að störfum í fangageymslum embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á að starfa samkvæmt settu verklagi.<sup>12</sup> Það kemur í hlut aðalvarðstjóra að bera ábyrgð á fangageymslu á sinni starfsstöð og þar af leiðandi eftirliti með henni.<sup>13</sup> Varðstjóri hefur, í umboði aðalvarðstjóra, umsjón með fangageymslunni og ber ábyrgð á henni.<sup>14</sup> Hann skal meðal annars framkvæma mat á hinum handtekna með tilliti til ástands og sögu og tryggja að eftirlit með honum sé samkvæmt niðurstöðu og ákvörðun hættumats. Varðstjóri skal jafnframt tryggja að fanga sé boðin næring í samræmi við verklagsreglur.<sup>15</sup>

Við fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu eru starfsmenn sem sinna eingöngu vistuðum í fangageymslu. Þeir starfa undir stjórn varðstjóra og koma að daglegum verkefnum í fangageymslunni og aðstoða lögreglumenn við framkvæmd starfa þeirra.<sup>16</sup> Starfsfólkið annast eftirlit með vistuðum og sér um að útvega þeim fæði að höfðu samráði við varðstjóra.<sup>17</sup>

4.2

### Salernisferðir

Þurfi einstaklingur sem vistast í fangageymslu að komast á salerni getur hann gert starfsfólki viðvart með því að ýta á bjöllu í klefa. Í verklagsreglum kemur fram að tveir starfsmenn skuli fylgja handteknum á salerni, annar lögreglumaður. Ávallt skuli bregðast við beiðnum um að komast á salerni eins fljótt og verða má.

11 Sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

12 Sbr. 3. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

13 Sbr. 4. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

14 Sbr. 5. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

15 Sjá 15. lið í fylgiskjali 1 með verklagsreglum um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

16 Sbr. 6. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

17 Sbr. 3. og 4. lið í fylgiskjali 2 með verklagsreglum um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

Ef aðstæður eru með þeim hætti að vistaður einstaklingur þarf að komast á salerni án tafar og ekki er nægur mannskapur í fangageymslu til að annast slíkt, sé varðstjóra heimilt að kalla til lögreglu á vakt.<sup>18</sup> Í verklagsreglunum kemur fram að ef kastað er upp, einstaklingur lætur frá sér þvag, saur, blóð eða aðra líkamsvessa í fangamóttöku eða klefum skuli það þrifið án tafar.<sup>19</sup>

Af skoðun upptaka í tengslum við heimsóknina varð ráðið að framkvæmdin þegar kemur að salernisferðum kunni að vera með ýmsu móti. Þannig var til að mynda ljóst að stundum fylgdu ekki tveir aðilar handteknum á salerni heldur einungis einn starfsmaður í fangageymslu.<sup>20</sup> Sem áður segir má rekja aðdraganda heimsóknar umboðsmanns í fangageymsluna til tveggja mála sem komu til skoðunar nefndar um eftirlit með lögreglu (NEL) en í báðum málunum gerði nefndin athugasemdir við að kvartendur hefðu verið látnir afskiptalausir í fangaklefa þrátt fyrir að hafa ítrekað hringt bjöllu og þurft að gera þarfir sínar inni í fangaklefanum.<sup>21</sup>

Við yfirferð á myndbandsupptökum sem óskað var eftir í tengslum við heimsóknina mátti sjá mörg dæmi þess að handteknir einstaklingar köstuðu af sér þvagi í niðurfall í horni fangaklefa. Auk þess voru dæmi um saurlát og uppköst í klefa. Undanfari þessara atvika var misjafn, það er að segja hvort bjöllu hafi verið hringt eftir aðstoð og þá hversu lengi viðkomandi hafði beðið. Þá var jafnframt ljóst að þegar einstaklingar höfðu gert þarfir sínar í klefa voru klefarnir ekki alltaf þrífir strax og jafnvel liðu margar klukkustundir þar til svo var gert. Í enn öðrum tilvikum var það ekki gert fyrr en viðkomandi hafði verið látinn laus.

Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum (CPT) hefur í viðmiðum sínum lagt áherslu á viðunandi aðbúnað í fangaklefum, meðal annars með tilliti til hreinlætis og aðgengis að hreinlætisaðstöðu. Einstaklingum í haldi lögreglu skuli leyft að gera þarfir sínar þegar nauðsyn krefur, í hreinum og viðunandi aðstæðum.<sup>22</sup> Nefndin hefur bent á að annaðhvort verði salernisaðstaða að vera fyrir hendi í klefum eða aðstæður til að hleypa vistuðum á salerni án tafar á öllum tímum sólarhringsins.<sup>23</sup>

18 Sbr. 33. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

19 Sbr. 34. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

20 Í þessu samhengi er rétt að minna á að ef aðstæður koma upp þar sem beita þarf valdi þá hafa umræddir starfsmenn hvorki lögregluvald á grundvelli 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, líkt og lögreglumenn, né heimild til valdbeitingar á grundvelli 11. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016, líkt og fangaverðir.

21 Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025 frá 11. apríl 2025. Í fyrrnefnda málinu segir meðal annars á bls. 4: „Með því að hleypa kvartanda ekki á salernið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar [um] verður ekki annað séð en að viðhöfð hafi verið vanvirðandi meðferð á kvartanda.“ Birt á vefslóð: <https://nel.is/wp-content/uploads/2025/07/Yfirfarnar-akvarðanir-2025.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

22 Sjá *The Prevention of Torture in Europe. The CPT's Standards on Police and Pre-trial Custody*, bls. 31. Birt á vefslóð: <https://www.apt.ch/sites/default/files/publications/APT%20CPT%205%20En.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

23 Sjá *Imprisonment. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992*, CPT/Inf(92)3-part2, málsg. 49. Birt á vefslóð: <https://policehumanrightsresources.org/content/uploads/2018/08/p-standards-inf-1992-3-part2-en.docx.pdf?x80005> [sótt á vef 3. desember 2025]. Sjá einnig *Monitoring places of detention. A practical guide*. Association for the Prevention of Torture (APT), apríl 2004, bls. 146-147. Birt á vefslóð: [https://www.apt.ch/content/files\\_res/monitoring-guide-en.pdf](https://www.apt.ch/content/files_res/monitoring-guide-en.pdf) [sótt á vef 15. desember 2025].

Umboðsmaður hefur skilning á því að aðstæður í fangageymslu kunni að vera krefjandi og að á álagstímum, svo sem um helgar að næturlagi, geti í einstaka tilfellum orðið töf á að hleypa vistuðum á salerni í ljósi þess að ástand þeirra kann að kalla á aukinn mannskap. Það er hins vegar áhyggjuefni að í fangageymslunni við Hverfisgötu virðist, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, sem að oft reynist ekki unnt að sinna þörfum vistaðra einstaklinga til að komast á salerni og sé því að þessu leyti um ákveðinn vanda að ræða sem leysa verði úr. Í ljósi ofangreindra viðmiða Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum (CPT) og almennra sjónarmiða um mannvirðingu og mannúðlegan aðbúnað frelsissviptra gerir umboðsmaður athugasemdir við þá framkvæmd sem hér hefur verið lýst.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** varðandi aðgengi að salerni og hreinlæti í klefum:*

#### **Tilmæli**

- *Að haga framkvæmd í fangageymslu í samræmi við verklagsreglur þannig að brugðist sé við beiðni handtekinna einstaklinga um að komast á salerni án tafar, sé þess nokkur kostur.*
- *Að sinna þrifum án tafar í samræmi við verklagsreglur þegar einstaklingur lætur frá sér þvag, saur, blóð eða aðra líkamsvessa í klefa.*

### 4.3

#### **Næring og drykkur**

Samkvæmt verklagsreglum skal tryggja að vistuðum einstaklingi sé boðin næring og drykkur fljótlega eftir komu í fangageymslu og reglulega á meðan vistun stendur með hliðsjón af atvikum að öðru leyti, sérstaklega ef ástand viðkomandi er bágborið. Þá skuli bjóða næringu á viðeigandi tímum og að minnsta kosti eina staðgóða máltíð ef vistun er 24 tímar.<sup>24</sup>

Miðað við þá framkvæmd sem starfsmenn umboðsmanns sáu við yfirferð á upptökum úr fangageymslu virðist sem því verklagi, að bjóða handteknum mönnum næringu og drykk skömmu eftir komu, sé ekki fylgt til hlítar. Fyrir því geta hins vegar verið málefnalegar ástæður, svo sem að það sé ekki óhætt að viðkomandi neyti matar vegna ástands síns, sem til dæmis getur verið að rekja til vímuefnaneyslu. Á fundi með stjórnendum í kjölfar heimsóknarinnar kom jafnframt fram að upplýsingar um hvenær handteknum er boðin næring eða drykkur kunni að vera meðal þeirra sem að einhverju marki eru vanskráðar í vistunarskýrslur.<sup>25</sup>

<sup>24</sup> Sbr. 14. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRAH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

<sup>25</sup> Nánar er fjallað um skráningu í kafla 6.1.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu varðandi aðgengi vistaðra að næringu og drykk:*

#### **Tilmæli**

- *Að sjá til þess að verklagi, sem miðar að því að tryggja að vistuðum sé boðin næring og drykkur fljótlega eftir komu í fangageymslu og eftir þörfum, sé fylgt, þegar ástand viðkomandi stendur því ekki í vegi, og að skráningu á því sé sinnt með fullnægjandi hætti.*

#### 4.4

#### **Viðbrögð við bjöllu**

Líkt og fram kom í kafla 3.4 eru bjöllur í hverjum klefa sem vistaðir geta ýtt á til þess að óska eftir aðstoð eða í neyðartilfellum. Í fyrrgreindum málum sem voru til meðferðar hjá nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) voru meðal annars gerðar athugasemdir við að bjöllum hafi ekki verið svarað eða ekki fyrir en eftir mikla töf.<sup>26</sup>

Yfirferð á myndbandsupptökum úr fangageymslunni sýndi fram á að slík töf virðist ekki einsdæmi í starfsemi fangageymslunnar en dæmi voru um að ein til þrjár klukkustundir liðu frá því að einstaklingur í fangaklefa ýtti á bjöllu og þar til hans var vitjað. Í verklagsreglum fangageymslunnar eru ekki almenn viðmið um viðbragðstíma starfsfólks eftir að bjöllu hefur verið hringt. Í ljósi þess að um er að ræða einu boðleið handtekens manns við starfsfólk fangageymslu og í samræmi við skyldu starfsfólks til viðunandi eftirlits með vistuðum einstaklingum<sup>27</sup> ætti almennt að bregðast hratt við boðum úr klefa nema veigamiklar ástæður séu fyrir hendi.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu um viðbrögð við boðum frá bjöllu:*

#### **Tilmæli**

- *Að ganga úr skugga um að handteknum mönnum sé almennt sinnt strax eða skömmu eftir að boð frá bjöllu berst úr klefa, nema að veigamiklar ástæður séu fyrir hendi, og að samræmt verklag gildi um þetta atriði.*

26 Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025 frá 11. apríl 2025. Í síðarnefnda málinu var bjöllu ítrekað hringt á milli klukkan 06:24 og 13:08 en starfsfólk vitjaði einstaklingsins aldrei á þessum tíma, sjá bls. 4. Birt á vefslóð: <https://nel.is/wp-content/uploads/2025/07/Yfirfarnar-akvarðanir-2025.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

27 Sbr. 2. mgr.13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 11. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

**Reglubundið eftirlit**

Umboðsmaður hefur í fyrri skýrslum sínum vegna heimsóknna í fangageymslur lögreglu lagt áherslu á reglubundið innlit til vistaðra og á það einnig við þrátt fyrir að um stöðuga myndvöktun í klefa sé að ræða.<sup>28</sup> Í verklagsreglum fangageymslunnar eru ekki nákvæm viðmið um hve oft starfsfólk skuli gá að handteknum mönnum sem vistaðir eru í fangaklefa. Þess í stað á tíðni eftirlitsferða að taka mið af einstaklingsbundnu mati sem nánar er getið um í sömu reglum. Þar segir að við komu í fangageymslur skuli fara fram einstaklingsbundið mat á hinum handtekna með hliðsjón af ástandi hans og sögu til að meta hvort vista skuli viðkomandi í fangaklefa og þá hvernig vistun skuli háttað. Meta skuli hversu oft viðkomandi þarfnast vitjunar, þörf hans fyrir umönnun o.fl.<sup>29</sup>

Í framkvæmd virðist sem að miðað sé við að litið sé til einstaklinga sem þarfnast aukins eftirlits, svo sem fólks í sjálfsvígs- og/eða sjálfsskaðahættu, á tuttugu mínútna fresti en sjaldnar til annarra. Að mati umboðsmanns er ekki óeðlilegt að eftirlit skuli taka mið af ástandi einstaklings, líkt og ráðgert er í verklagsreglum lögreglunnar. Hins vegar er óheppilegt með tilliti til samræmis og festu í framkvæmd að ekki sé getið um nein lágmarksviðmið um tíðni eftirlitsferða í verklaginu.

Reglubundnu eftirliti er meðal annars sinnt þannig að starfsmaður á að fara um klefaganga fangageymslunnar og gæta að þeim sem vistaðir eru í klefa. Þegar viðkomandi hefur gætt að hinum vistaða ber hann starfsmannakort sitt að lesara sem er staðsettur á vegg við hlið klefadyranna og í því felst að gætt hafi verið að hinum vistaða. Þegar vistaður hringir bjöllu sinni úr klefa kviknar ljós fyrir ofan klefadyrnar, auk þess sem ljós- og hljóðmerki eiga að berast á varðstofu. Þessi merki eru einungis slökkt með því að starfsmaður beri kort sitt að lesara við klefann. Við yfirferð á myndefni úr fangageymslunni í tengslum við eftirfylgniskýrslu vegna heimsóknar á lögreglustöðina<sup>30</sup> mátti sjá í nokkur skipti starfsmann ganga milli klefa en í stað þess að gá að þeim sem vistuðust í klefum bar hann aðeins starfsmannakort sitt upp að lesurum. Þannig verða til skráningar um að eftirliti hafi verið sinnt án þess þó að raunverulega hafi verið athugað með ástand og líðan vistaðra.<sup>31</sup>

28 Sjá til dæmis 6. kafla í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4., 7. og 8. júlí 2023*, bls. 27-29. Birt á vefslóð: <https://umbodsmadur.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

29 Sbr. 11. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRAH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

30 Sjá *Eftirfylgniskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymsluna á Hverfisgötu*, bls. 18. Skýrslan hefur enn ekki verið birt en hún verður aðgengileg innan skamms á vefsíðu umboðsmanns Alþingis, <https://umbodsmadur.is/opcat/heimsoknir-og-skyrslur>.

31 Nánar verður vikið að þessu atriði í umfjöllun um eftirlit í kafla 6.2.

Mynd 4



Nemi við klefadyr.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** í tengslum við eftirlit með vistuðum einstaklingum:

**Tilmæli**

- *Að sjá til þess að rauneftirliti sé ávallt sinnt, jafnvel þótt handtekinn einstaklingur í klefa sé undir stöðugri myndvöktun.*
- *Að mæla fyrir um lágmarkstíðni rauneftirlits í skriflegu verklagi.*
- *Að tryggja að í starfsemi fangageymslunnar sé eftirliti í raun sinnt þegar starfsmaður ber kort sitt upp að kortalesara við klefa.*
- *Að tryggja að rauneftirliti sé sinnt í samræmi við mat varðstjóra á þörf fyrir innlit.*

## 4.6

**Vistun án klæða**

Í verklagsreglum fangageymslunnar segir að ef aðili sem vistaður er í fangaklefa reynir að skaða sjálfan sig, skuli tryggja öryggi viðkomandi. Það skuli meðal annars gert með því að fjarlægja teppi og fatnað sem vistaður aðili getur skaðað sig með. Gæta beri meðalhófs í öllum aðgerðum.<sup>32</sup>

Þegar einstaklingur er afklæddur í fangaklefa er um veigamikið inngríp að ræða sem kann í einhverjum tilvikum að vera nauðsynlegt til að tryggja öryggi hans. Slíkt inngríp kann þó að vega að grundvallarréttindum manna. Í heimsókninni, sem og á myndefni sem kannað var í tengslum við heimsóknina, voru dæmi um að einstaklingar sem viðhöfðu sjálfsskaðandi tilburði í fangaklefa væru færðir úr öllum fötum. Í sumum þeim tilvikum sem umboðsmaður skoðaði var einstaklingum afhentur klæðnaður eða teppi svo fljótt sem unnt var. Aftur á móti voru einnig tilvik þar sem einstaklingur var klæðalaus í langan tíma við lágmarksafskipti starfsmanna. Í þeim tilvikum virtist sem ekki hafi verið viðhaft reglubundið endurmat á því hvort öruggt væri að afhenda hinum vistaða klæðnað á ný, en slíkt getur verið áhrifapáttur við mat á því hvort að í athöfnum stjórnvalds hafi falist brot á grundvallarréttindum vistaðs manns.

Af framkvæmdinni mátti ráða að dýna sé yfirleitt fjarlægð þegar einstaklingar eru metnir í sjálfsskaðahættu og því voru margir þeirra sem vistuðust án fata jafnframt án dýnu og teppis. Af upptökum mátti glöggst sjá að fólk í þessum aðstæðum upplifði óþægindi og skömm, til dæmis reyndu sumir að hylja kynfæri með höndum eða liggja í hnipri til þess að skýla nekt sinni, en líkt og áður kom fram eru allir klefar myndvakaðir. Þá virtist ekki gætt sérstaklega að því að starfsfólk af öðru kyni léti það vera að sinna innliti til einstaklings sem vistaðist án klæða.

Að mati umboðsmanns geta aðstæðurnar sem hér hefur verið lýst verið niðurlægjandi og jafnvel þannig að þær geti talist til vanvirðandi meðferðar í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.<sup>33</sup> Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum (CPT) hefur í skýrslum sínum til einstakra landa ítrekað gert athugasemdir við sambærilega framkvæmd, bæði í fangageymslum og fangelsum,<sup>34</sup> og samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu kann vistun klæðalauss einstaklings í fangaklefa að brjóta gegn 3. gr. mannréttindasáttmálans sem vanvirðandi meðferð.<sup>35</sup>

32 Sbr. 26. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

33 Sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

34 Sjá til dæmis útdrátt úr *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Hollands 2022*, CPT/Inf (2023) 12 – Part, bls. 1 og 5. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680abb4b6> [sótt á vef 15. desember 2025]. Sjá einnig til hliðsjónar útdrátt úr *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Tékklands 2018*, CPT/Inf (2019) 23 – Part, bls. 3. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/168095aeb5> [sótt á vef 15. desember 2025] og *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Noregs 21.-31. maí 2024*, CPT (2024) 49, málsg. 133. Birt á vefslóð: <https://www.regjeringen.no/globalassets/departementene/jd/dokumenter/diverse/cpt-2024-49-norway-report-on-2024-periodic-visit.pdf> [sótt á vef 15. desember 2025].

35 Sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, *Hellig gegn þýskalandi*, 7. júlí 2011, mál nr. 20999/05, málsg. 56-58.

Að auki er sérstakt áhyggjuefni að miðað við fyrirliggjandi gögn virðast vistanir án klæða ekki heyra til undantekninga í fangageymslunni, líkt og umboðsmanni hefur ítrekað verið tjáð í tengslum við eftirlit sitt með fangageymslunni, heldur vera þónokkuð algengar, miðað við hversu íþyngjandi inngríp er um að ræða.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** í tengslum við vistanir þar sem kemur til álita að vista einstaklinga án klæða:*

#### **Tilmæli**

- Ítrekuð eru tilmæli umboðsmanns til lögreglustjórans um að leita allra leiða til að forðast að vista handtekna einstaklinga klæðalaus í fangaklefa, þannig að þeir fái viðhaldið mannlegri reisn sinni.
- Að tryggja að ávallt fari með reglubundnum hætti fram endurmat á þörfinni fyrir að einstaklingur vistist klæðalaus í klefa.

#### **Ábending**

- Miðað við hversu algengt það virðist að einstaklingar dveljist klæðalausir í fangageymslu taki lögreglustjóri til skoðunar hvort rétt sé að láta fara fram greiningu á þessum atvikum með það í huga hvort breyta þurfi verklagi við þessar aðstæður.

*Umboðsmaður Alþingis ítrekar eftirfarandi við **ríkislögreglustjóra** og **dómsmálaráðherra** í samræmi við tilmæli úr eldri skýrslu vegna heimsóknar umboðsmanns á Hverfisgötu, sem gefin var út árið 2020:*

#### **Tilmæli**

- Að fylgja eftir áformum um samræmingu verklags vegna vistunar einstaklinga í fangageymslum sem taldir eru í sjálfsvígshættu.

**Viðmót gagnvart vustuðum**

Í lögreglulögum má finna meginreglur um framkvæmd lögreglustarfa. Þar segir að handhafa lögregluvalds beri að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttssýni. Gæta skuli þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki má beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.<sup>36</sup>

Starfsumhverfi á lögreglustöðvum getur verið krefjandi. Handteknir menn sem færðir eru á lögreglustöð kunna að vera í annarlegu ástandi, svo sem vegna vímu-áhrifa eða geðshræringar, og af þeim sökum þarf starfsfólk að vera búið undir krefjandi viðmót eða jafnvel virka mótspyrnu af hálfu handtekinna. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum (CPT) hefur bent á að á hættan á grimmilegri eða ómannlegri meðferð sé hvað mest á fyrri stigum frelsissviptingar.<sup>37</sup> Þess vegna eru lögreglustöðvar, þar sem vistanir eru alla jafna innan við sólarhringur, á háu áhættustigi hvað þetta varðar.

Eins og áður segir fylgdist starfsfólk umboðsmanns með framkvæmd í fangageymslunni aðfaranótt 11. október síðastliðinn auk þess að skoða myndbandsefni úr fangageymslunni. Þá voru sérstaklega skoðuð tvö mál sem nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) hafði tekið til meðferðar og komið á framfæri við OPCAT-eftirlit umboðsmanns. Þótt framkoma lögreglu við vistaða hafi almennt verið fullnægjandi voru þess einnig dæmi að viðmót lögreglu gæti talist niðurlægjandi fyrir þann vistaða án þess að það virtist beinlínis ætlun starfsmanna. Þetta getur til að mynda verið raunin þegar þörfum viðkomandi til að komast á salerni er ekki svarað og getur líka birst í því hvernig talað er til vistaðra. Þá komu fram ákveðnar vísbendingar um að í einhverjum tilvikum kunni að hafa verið gengið of langt í valdbeitingu gagnvart vustuðum. Í ofangreindum tilfellum hafði aðdragandinn yfirleitt verið sá að hinn vistaði hafði sýnt af sér krefjandi hegðun í garð starfsfólks.

<sup>36</sup> Sbr. 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

<sup>37</sup> Sjá *Access to a lawyer as a means of preventing ill-treatment. Extract from the 21st General Report of the CPT, published in 2011*, CPT/Inf(2011)28-part1, mgr. 19. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ccd25> [sótt á vef 15. desember 2025].

Umboðsmaður hefur skilning á þeim áskorunum sem fylgja því að starfa í fangageymslu á álagstímum, sér í lagi þegar þar vistast krefjandi einstaklingar í annarlegu ástandi. Fyrstu klukkustundirnar eftir handtöku geta einstaklingar verið í slæmu ástandi, hvort sem er vegna vímuáhrifa eða geðrænna einkenna. Eins eru þess dæmi að fólk finni fyrir einkennum áfalls eftir handtöku, einkum í kjölfar valdbeitingar. Getur slíkt leitt til hegðunar sem hinum vistaða sjálfum og eftir atvikum þeim sem koma að vistun hans kann að stafa hætta af. Hins vegar er áriðandi að lögreglumenn sem starfa í fangageymslunni sýni öllum þeim sem þar vistast mannvirðingu, óháð ástandi og viðmóti, og er það í samræmi við þær meginreglur í lögreglulögunum sem raktar eru í upphafi kaflans. Starfsfólki í fangageymslu sem sinnir og hefur eftirlit með vistuðum ber jafnframt að fylgja því fordæmi.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** í tengslum við framkomu gagnvart vistuðum:*

**Tilmæli**

- *Að sjá til þess að framkoma lögreglumanna og annars starfsfólks sem kemur að vistun manna í fangageymslu sé í samræmi við meginreglur 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga og almenn sjónarmið um mannúð og mannvirðingu.*

## 5 Heilbrigðisþjónusta

5.1

### Almennt

Handteknir einstaklingar sem færðir eru til vistunar í fangageymslu eru oft undir áhrifum vímuefna, í andlegu uppnámi eða annars konar ástandi sem kann að kalla á heilbrigðisþjónustu. Meðan á dvöl þeirra í fangageymslu stendur eru þeir á ábyrgð og undir eftirliti yfirvalda og vegna frelsissviptingarinnar ófærir um að leita sjálfir eftir henni. Við þær aðstæður reynir því á skyldu stjórnvalda til að sjá til þess að þeir njóti nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu.

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. segir að óski hinn handtekni eftir heilbrigðisþjónustu skuli kalla til lækni eða hjúkrunarfræðing eða færa hinn handtekna á heilbrigðisstofnun.<sup>38</sup> Hins vegar er í lögum um meðferð sakamála, lögreglulögum og reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna ekki að finna ákvæði um skyldubundna heilbrigðissskoðun við handtöku eða innkomu í varðhaldsúrræði<sup>39</sup> eða nein viðmið um hvenær sé rétt að kalla til heilbrigðisstarfsmann vegna einstaklings sem vistaður er í fangageymslu, umfram þau tilvik þar sem hinn handtekni óskar eftir því sjálfur.

5.2

### Ástandsmat

Í kjölfar skýrslu umboðsmanns Alþingis frá 2020 vegna heimsóknar í fangageymsluna við Hverfisgötu<sup>40</sup> voru gefnar út nýjar verklagsreglur um fangageymslur LRH og er þar nú kveðið á um að við komu í fangageymslu skuli fara fram einstaklingsbundið mat á hinum handtekna með hliðsjón af ástandi hans og sögu til að meta hvort vista skuli viðkomandi í fangaklefa og þá hvernig vistun skuli háttað.

38 Sbr. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

39 Samkvæmt tilmælum sérlegs talsmanns Sameinuðu þjóðanna um pyndingar (e. *Special Rapporteur on torture*) skulu handteknir menn undirgangast heilbrigðissskoðun strax við handtöku og þá skal endurtaka slíka skoðun reglulega og ávallt við tilfærslu milli varðhaldsúrræða. Sjá *Civil and Political Rights, Including the Questions of Torture and Detention*, 17. desember 2002, E/ CN.4/2003/68, bls. 11, g-liður 26. málsgr. Birt á vefslóð: <https://undocs.org/E/CN.4/2003/68> [sótt á vef 15. desember 2025]. CPT-nefndin hefur jafnframt lagt áherslu á mikilvægi heilsufars-skimunar við upphaf vistunar, ekki sist til að koma í veg fyrir sjálfsvíg og hindra útbreiðslu smitsjúkdóma. Sjá *26th General Report of the CPT*, apríl 2017, CPT/Inf(2017)5, málsgr. 72. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/168070af7a> [sótt á vef 15. desember 2025].

40 Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019*. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2025].

Meta skuli hversu oft viðkomandi þarfnist vitjunar, þörf hans fyrir umönnun, hvort þörf sé á að fara með hann á bráðamóttöku eða hvort þörf sé á að kalla til lækni. Hafa skuli samráð við heilbrigðisstarfsmann ef sýnt þyki að ástand handtekens aðila sé með þeim hætti að hann þurfi heilbrigðisþjónustu. Vakthafandi varðstjóri framkvæmir þetta mat og skal skrá niðurstöðu þess<sup>41</sup> og um tíðni eftirlitsferða í LÖKE. Þá skal skrá öll samskipti við lækni eða heilbrigðisstarfsfólk í vistunarskýrslu með nákvæmum hætti.<sup>42</sup> Varðstjóri metur sömuleiðis hvort og hvenær þörf er á að kalla til lækni vegna sjálfsskaðandi hegðunar.<sup>43</sup>

Það er því ljóst að ákveðnar úrbætur hafa orðið að því leyti að samkvæmt verklagsreglunum á nú að fara fram einstaklingsbundið mat á hæfi einstaklings til að vistast í fangageymslu og mögulegri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir að embættið hafi innleitt ítarlegt ástandsmat, sem er til eftirbreytni, er ekki unnt að horfa fram hjá því að matið er í höndum varðstjóra án aðkomu heilbrigðismenntaðs starfsmanns. Í ljósi þess að ástand einstaklinga sem vistast í fangageymslu getur verið mjög bágborið og aðkoma heilbrigðisstarfsfólks takmörkuð er mikil ábyrgð á heilsu og jafnvel lífi vistaðra einstaklinga lögð á starfsfólk, þar sem því er falið að meta ástand viðkomandi og þörf fyrir heilbrigðisþjónustu, án þess að hafa til þess viðeigandi menntun eða þekkingu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni hefur verið í skoðun á undanförunum árum að hafa hjúkrunarfræðing á vakt að einhverju marki en það hafi ekki komið til framkvæmda. Helsta ástæða þess sé skortur á fjármögnun.

### 5.3

#### Líkamleg veikindi

Í heimsókninni kom fram að starfsmenn fyndu fyrir fjölgun tilvika þar sem einstaklingar væru undir verulegum áhrifum vímuefna í fangageymslu. Líkamlegar afleiðingar ofneyslu geta verið mjög alvarlegar, svo sem skert meðvitund, öndunar-erfiðleikar, hjartabilun og jafnvel hjartastopp. Í verklagsreglum segir að sé einstaklingur sem komið er með á lögreglustöð undir það miklum vímuáhrifum að honum geti verið hætta búin af því að vistast í fangaklefa skuli varðstjóri fangageymslu tryggja að hann sé fyrst skoðaður af heilbrigðisstarfsfólki, annaðhvort á lögreglustöð eða sjúkrahúsi.<sup>44</sup>

41 Um er að ræða nokkurs konar litakóðun þannig að viðkomandi einstaklingur er settur á grænt, gult eða rautt eftir ástandi hans og þörf fyrir eftirlit.

42 Sbr. 11. og 27. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRAH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar). Af heimsókn umboðsmanns var ljóst að skráningu um samskipti við og jafnvel vitjanir heilbrigðisstarfsfólks voru ekki fullnægjandi. Nánar verður fjallað um skráningu í kafla 6.1.

43 Sbr. 26. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRAH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

44 Sbr. 25. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRAH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

Af heimsókn umboðsmanns og gögnum sem aflað var í tengslum við hana varð ráðið að í mörgum tilvikum, þegar grunur var um alvarleg líkamleg veikindi, væri annaðhvort hringt á sjúkrabíl þannig að heilbrigðisstarfsmenn komi á lögreglustöðina og meti hvort flytja þurfi viðkomandi á sjúkrahús eða eftir atvikum veiti aðhlynningu á staðnum eða að lögreglan færi með viðkomandi á sjúkrahús. Hins vegar sáust þess líka dæmi að slík aðkoma heilbrigðisstarfsfólks ætti sér ekki stað þrátt fyrir mjög bágborið ástand einstaklinga, svo sem vegna neyslu vímuefna.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um heilbrigðisþjónustu í fangageymslu:*

#### **Tilmæli**

- *Að kalla ávallt til heilbrigðisstarfsfólk í fangageymslu eða færa einstakling á heilbrigðisstofnun sé ástand hans með þeim hætti að almennt sé eðlilegt að hann njóti heilbrigðisþjónustu.*

## 5.4

### **Geðræn veikindi**

Í verklagsreglum er nú að finna ítarlegt verklag vegna einstaklinga í sjálfsvígshættu, þar á meðal um ástandsmat, eftirlit og aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Fram kemur að markmið ástandsmatsins sé meðal annars að koma í veg fyrir sjálfsskaða í fangaklefa og tryggja ítarlegt eftirlit með myndvöktun og rauneftirliti. Reyni einstaklingur sjálfsvíg utan lögreglustöðvar skuli hann færður á bráðamóttöku geðdeildar eða á slysadeild utan opnunartíma geðdeildar. Sé viðkomandi ekki innritaður hjá geðdeild af einhverjum orsökum, til dæmis vegna vímuáhrifa eða að læknir telji af öðrum ástæðum að vistun viðkomandi í fangaklefa sé nauðsynleg, skuli viðkomandi vistaður þangað til unnt er að finna viðeigandi úrræði. Reyni aðili sem vistaður er í fangaklefa að skaða sjálfan sig, skuli tryggja öryggi viðkomandi. Það skuli gert með því að fjarlægja teppi og fatnað sem vistaður aðili getur skaðað sig með. Gæta skuli meðalhófs í öllum aðgerðum. Kalla skuli til heilbrigðisstarfsmann eða héraðslækni til að meta hvort ástæða sé til að færa hinn vistaða á slysadeild til skoðunar eða á geðdeild til vistunar.<sup>45</sup>

<sup>45</sup> Sbr. 26. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar). Þá hefur lögreglan sett sér verklagsreglur um samskipti lögreglu og bráðamóttöku geðsviðs. Reglurnar lúta að beiðnum lögreglu um innlögn handtekinna manna og gilda frá því að lögregla hefur samband við bráðamóttöku geðsviðs þar til hún yfirgefur móttökuna. Í reglunum er þó ekki að finna fyrirmæli um mat á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Sjá verklagsreglur 10.02.15, um samskipti lögreglu og bráðamóttöku geðsviðs, sem lúta að beiðnum lögreglu um innlögn handtekinna manna.

Í tengslum við eftirfylgni vegna skýrslu umboðsmanns um fangageymsluna frá 2020<sup>46</sup> kom fram á fundi með stjórnendum 11. apríl 2024 að meðal þeirra sem oft vistist í fangageymslum séu einstaklingar með ákveðnar raskanir og greiningar sem heilbrigðiskerfið taki ekki á móti, meðal annars þar sem tregðu virðist gæta við að taka á móti einstaklingum undir áhrifum vímuefna. Á sínum tíma hafi verið rætt við forstjóra Landspítalans um möguleika á því að fá geðlækni á lögreglustöðina til að meta handtekna einstaklinga, þegar svo ber undir, í því augnamiði að greiða fyrir innlögn þeirra á deildir geðsviðs, þegar þess þyrfti með. Undirtektir yfirmanna deildanna hafi hins vegar verið dræmar. Vegna takmarkaðs opnunartíma bráðamóttöku geðdeildar þurfi nú oft að fara með handtekna einstaklinga í slæmu andlegu ástandi á bráðamóttökuna í Fossvogi. Fram kom að samtal milli embættisins og Landspítalans um að endurskoða verklag þeirra á milli vegna handtekinna einstaklinga sem þarfnast geðheilbrigðisþjónustu hafi ekki leitt til úrbóta í þessum efnun. Í heimsókninni í október síðastliðnum varð jafnframt ráðið að samskiptaleiðir milli lögreglunnar og spítalans séu ekki greiðar þar sem varðstjóra gekk erfiðlega að ná sambandi við geðsvið spítalans vegna einstaklings sem hafði verið vistaður í fangageymslu og var í meðferð á geðsviðinu.

## 5.5

**Skortur á samstarfi**

Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað í úrlausnum sínum og skýrslum, meðal annars í ársskýrslum, fjallað um skort á samvinnu og samráði stjórnvalda, einkum ráðuneyta.<sup>47</sup> Hefur umfjöllunin þá oft lotið að tilvikum þar sem nauðsyn er á þjónustu á fleiri en einu sviði og sem heyra þannig oft undir fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem í tilviki margra þeirra sem sæta frelsissviptingu af einhverju tagi.

Nú eru liðin rúm sex ár frá því að umboðsmaður fór í sína fyrstu heimsókn í fangageymsluna við Hverfisgötu á grundvelli OPCAT-eftirlitsins og þrátt fyrir ákveðna viðleitni af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki náðst að tryggja fullnægjandi umgjörð um vistun einstaklinga í fangageymslu í þeim tilvikum sem ástand þeirra kallar á heilbrigðisþjónustu, einkum vegna geðræns vanda.

46 Sjá Eftirfylgniskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymsluna á Hverfisgötu. Skýrslan hefur enn ekki verið birt en hún verður aðgengileg innan skamms á vefsíðu umboðsmanns Alþingis, <https://umbodsmadur.is/opcat/heimsoknir-og-skyrslur>.

47 Sjá til dæmis Skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021, kafli 1.3, bls. 17-18 og Skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2022, kafli 1.5, bls. 17-18.

Þótt ábyrgðin á þeim sem vistast í fangageymslu, og þar á meðal að þeir verði ekki af nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, sé á herðum lögregluýfirvalda, er ljóst að það er ákveðinn ómöguleiki fyrir hendi við að axla þá ábyrgð nema með skipulagðri aðkomu sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks. Þörf þeirra sem vistast í fangageymslu fyrir heilbrigðisþjónustu og veiting hennar getur þannig ekki eingöngu verið á ábyrgð lögreglu. Hér er því um aðkallandi og kerfislægt vandamál að ræða sem krefst samráðs og samvinnu fleiri stjórnvalda. Þar má fyrst nefna Landspítalann en einnig dómsmálaráðuneytið sem ber ábyrgð á lögreglu og löggæslu<sup>48</sup> og heilbrigðisráðuneytið sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála.<sup>49</sup> Umboðsmaður minnir í þessu samhengi á að sé viðeigandi heilbrigðisþjónusta ekki tryggð í tilviki frelsissviptra sem vistaðir eru á ábyrgð ríkisins getur það falið í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.<sup>50</sup>

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu, Landspítalans, dómsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins í tengslum við ábyrgð hins opinbera á gæslu frelsissviptra einstaklinga og aðgangi þeirra að heilbrigðisþjónustu:*

#### **Tilmæli**

- *Að hafa með sér samráð og samvinnu um að gera ráðstafanir til þess að frelsissvipting girði ekki fyrir að þeir sem vistast í fangageymslu geti fengið nauðsynlega gegðheilbrigðisþjónustu. Hér er til dæmis vísað til þess að tryggt sé að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort ástand vistaðra kalli á sérstakar ráðstafanir, eins og lyfjagjöf eða flutning á heilbrigðisstofnun.*

48 Sbr. 16. mgr. 3. gr. forsetaúrskurðar nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

49 Sbr. 3. mgr. 6. gr. forsetaúrskurðar nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

50 Sjá hér til hliðsjónar dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, *Blokhin gegn Rússlandi*, 23. mars 2016, mál nr. 47152/06, málsgr. 136.

## 6

## Skráning og eftirlit

## 6.1

**Skráning**

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. segir að rituð skuli vistunarskýrsla um vistun sérhvers manns í fangageymslu lögreglu. Í henni skuli eftirfarandi upplýsingar koma fram:<sup>51</sup>

- a. hver tók ákvörðun um vistun handtekins manns í fangaklefa,
- b. muni sem voru teknir úr fórum handtekins manns áður en hann var vistaður í fangaklefa,
- c. hvort handtekinn maður bar sýnilega áverka þegar hann var færður í fangaklefa,
- d. númer fangaklefa sem handtekinn maður var færður í og innsetningarnúmer ef því er að skipta,
- e. heimsóknir verjanda og annarra,
- f. hvenær handteknur manni var borinn matur,
- g. á hvaða tímabili handtekinn maður var yfirheyrður,
- h. hvenær handtekinn maður var leiddur fyrir dómara,
- i. hvenær handtekinn maður var á ný færður í fangageymslu lögreglu, ef því var að skipta eða látinn laus að skipun dómara,
- j. hvenær handtekinn maður var færður í gæsluvarðhaldsfangelsi eða afplánunarfangelsi, ef því var að skipta,
- k. annað er máli kann að skipta varðandi vistunina, s.s. ef handtekinn maður var færður til læknis, á sjúkrahús, á aðra lögreglustöð, til annars lögregluembættis o.s.frv.,
- l. hvenær handtekinn maður var látinn laus.

Verklagsreglur fyrir fangageymsluna eru samhljóða reglugerðinni um þau atriði sem skrá skal í vistunarskýrslu. Í verklagsreglunum er þó að auki sérstaklega áréttað að gæta skuli nákvæmni við ritun vistunarskýrslna.<sup>52</sup>

<sup>51</sup> Sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

<sup>52</sup> Sbr. 23. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

Líkt og segir í 2. kafla skýrslunnar hafði umboðsmaður óskað eftir nokkrum fjölda myndupptaka fyrir heimsóknina og vistunarskýrslum sem svöruðu til þeirra. Var því unnt að bera saman upptökur af einstökum vistunum og skráningar í vistunarskýrslurnar. Það var mismunandi hversu ítarleg skráningin var og virtist það að einhverju leyti ráðast af því hver skráði hverju sinni.

Af dagbók vistunar og vistunarskýrslum sem umboðsmaður fékk í tengslum við heimsóknina nú og einnig vegna eftirfylgniheimsóknar sem fór fram í apríl 2024 má ráða að veruleg vanhöld séu á skráningu á reglubundnu eftirliti. Þannig vantaði í mörgum tilvikum töluvert upp á skráningu um hvernig eftirlitinu hefði verið háttað og hvort viðkomandi hefði verið borinn matur eða drykkur. Þá var líka nokkuð misræmi milli þess sem umboðsmaður sá á upptökunum af inngrípum gagnvart vistuðum í fangageymslu og þess sem skráð var í vistunarskýrslur. Þannig var til dæmis ekki endilega skráð þegar föt voru fjarlægð af viðkomandi.

Á fundi með stjórnendum í kjölfar heimsóknarinnar kom fram að ákveðin tilhneiging væri til þess að skrá upplýsingar af þessu tagi í dagbókarhluta LÖKE í stað vistunarskýrslu. Þá væri ekki alltaf skráð þegar reglubundnu eftirliti með vistuðum væri sinnt og stafaði það meðal annars af því hve gert væri ráð fyrir fáum stöðugildum í fangageymslu. Hins vegar væru þá upptökur alltaf fyrir hendi sem gætu sýnt fram á hvernig viðkomandi hefði verið sinnt í raun. Upplýsingar um mönnun sem umboðsmaður fékk í heimsókninni varpa ljósi á að mikið kunni að mæða á starfsfólki þar sem að jafnaði séu það í raun einungis varðstjóri og einn starfsmaður sem sinna fangageymslu hverju sinni og hefur varðstjóri þá einnig ýmis önnur verkefni með höndum. Umboðsmaður telur þó rétt að benda á að ekki er unnt að stóla á upptökum í þessu samhengi þar sem þær eiga einungis að vera geymdar í afmarkaðan tíma nema í þeim tilvikum þegar tekin er ákvörðun um að geyma þær lengur, til dæmis vegna tiltekinna frávika í fangageymslu.

Þá var ljóst af upptökum sem umboðsmaður skoðaði í kjölfar ábendingar frá nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) að það kynni að tíðkast að starfsmenn í fangageymslu, sem eiga að sinna rauneftirliti með vistuðum, létu nægja að skanna kortið sitt með því að bera það upp að lesara við klefadyr án þess að líta inn í klefann.<sup>53</sup> Umboðsmaður hjó eftir því að enginn þeirra starfsmanna sem spurðir voru gátu veitt svör við því hvar skráningar um þetta eftirlit væru vistaðar.

53 Nánar er fjallað um þessa framkvæmd í kafla 4.5.

Í verklagsreglum er mælt fyrir um að öll samskipti við lækni eða heilbrigðisstarfsfólk skuli skrá í vistunarskýrslu með nákvæmum hætti, sem og ýmsar ákvarðanir varðandi heilbrigðisþjónustu.<sup>54</sup> Af yfirferð skráninga í tengslum við heimsóknina var ljóst að nokkuð skorti á að skráning um samskipti við heilbrigðisstarfsfólk og jafnvel vitjanir þeirra væri fullnægjandi. Þannig var til að mynda dæmi um að kallaður hefði verið til sjúkrabíll í tilviki manns í fangageymslu án þess að það hefði verið skráð í vistunarskýrslu.

Loks varð ekki annað séð en að verulega skorti á að skráning á alvarlegum atvikum og öðrum frávikum í fangageymslu væri fullnægjandi. Í heimsókninni kom til dæmis í ljós að ekkert hafði verið skráð í vistunarskýrslu um sjálfsskaða og sjálfsvígstilraun einstaklings í fangageymslu sem starfsmenn umboðsmanns sáu á myndupptöku af vistuninni. Í málakerfi lögreglu er sérstakur bókunarliður fyrir frávik. Stundum var bókað um frávik í vistunarskýrslu en ekkert nánar um hvað í því hefði falið, þ.e. undirflokk, en hér getur til dæmis verið um að ræða sjálfsvígstilraunir, sjálfsskaða, geðræn einkenni af einhverjum toga o.s.frv. Þær skýringar fengust af hálfu lögreglunnar að nánari lýsingu á atvikinu gæti þá verið að finna í dagbókarhluta LÖKE. Umboðsmaður bendir af þessu tilefni á að frávik í fangageymslu hljóti oft að vera þess eðlis að það beri að skrá í vistunarskýrslu, sbr. k-lið 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. Við slíka skráningu segir það lítið eitt og sér ef einungis er bókað um frávik en undirflokkur ekki tilgreindur.

Vegna umfjöllunar kaflans ber að áréttta að samkvæmt reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna ber að skrá ýmis atriði er tengjast vistun einstaklings í vistunarskýrslu, svo sem hvort honum hafi verið borinn matur, hvort hann hafi fengið heimsóknir eða hvort hann hafi verið færður á sjúkrahús meðan á vistun stóð, og dugir því skráning þessara atriða í dagbókarhluta LÖKE ekki ein og sér heldur verði að skrá það einnig í vistunarskýrslu.<sup>55</sup> Þá er rétt að benda hér á að CPT-nefndin hefur árétttað að réttaröryggi handtekinna einstaklinga aukist til muna séu atriði sem snúa að vistuninni skráð á ítarlegan hátt á sama stað, þ.e. í sömu skýrslu.<sup>56</sup>

54 Sbr. 27. gr. verklagsreglna um fangageymslur LRH, útgefnar 18. maí 2021 (óbirtar).

55 Sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

56 Þau atriði sem beri að skrá í vistunarskýrslu eru í stórum dráttum þau sömu og áskilin eru í reglugerð nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. Sjá *Police Custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992*, CPT/Inf(92)3-part1, málsg. 40. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 15. desember 2025].

Af öllu framangreindu verður ráðið að gæta þurfi betur að skráningu reglubundins eftirlits, atriða tengdum heilbrigðisþjónustu og frávika sem komið geta upp við vistun einstaklinga í fangageymslu. Með því fullyrðir umboðsmaður ekki að eftirliti hafi til dæmis ekki verið sinnt eða óskað eftir heilbrigðisaðstoð þegar hennar var þörf. Það er hins vegar mikilvægt að skráning endurspegli það eftirlit sem í raun er haft með hinum vistaða og hvernig honum er sinnt, þegar það á við. Þá má nefna að öll vanskráning gerir eftirlitsaðilum erfitt um vik við almennt eftirlit sitt auk þess sem skráning þeirra upplýsinga sem um ræðir kann meðal annars að skipta máli ef framkvæmd einstakra vistana kemur til skoðunar síðar innan stjórnsýslunnar eða fyrir dómstólum.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu í tengslum við skráningu:*

#### **Tilmæli**

- *Að gæta þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna, s.s. um hvort og hvenær handteknum manni var borinn matur og ef viðkomandi hefur verið færður til læknis eða á sjúkrahús.*
- *Að skrá í vistunarskýrslur önnur veigamikil atriði sem máli kunna að skipta varðandi vistunina, svo sem upplýsingar um frávík í fangageymslu, salernisferðir vistaðra og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks.*

## 6.2

### **Eftirlit með daglegri starfsemi**

Líkt og áður hefur komið fram kom nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) á framfæri við umboðsmann Alþingis ábendingu um vistanir tveggja einstaklinga í fangageymslunni á lögreglustöðinni við Hverfisgötu sem höfðu komið til skoðunar hjá nefndinni.<sup>57</sup> Upptökur úr eftirlitsmyndavélum af vistununum sem umboðsmaður óskaði eftir af þessu tilefni varpa ljósi á tiltekna ágalla sem virðast vera á meðferð vistaðra í fangageymslunni. Sumir þeirra eru afmarkaðir við vistanir þeirra einstaklinga sem um ræddi það sinn á meðan aðrir eru almennir. Hvað hið síðarnefnda varðar má nefna að ekki varð annað séð en að búið hafi verið að hengja pappírsarkir fyrir lúguop á klefadyrum í þeim klefum fangageymslunnar þar sem einstaklingar vistuðust.<sup>58</sup> Sú framkvæmd var staðfest í heimsókn umboðsmanns í október síðastliðnum.

<sup>57</sup> Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025 frá 11. apríl 2025.

<sup>58</sup> Nánar er fjallað um þessa framkvæmd í kafla 3.3.

Þá mátti af sömu upptökum sjá að það kynni að tíðkast að starfsmenn í fangageymslu, sem eiga að sinna rauneftirliti með vistuðum, bæru kort sitt kerfisbundið upp að lesurum sem staðsettir eru við hvern klefa án þess að líta inn um klefaop og gæta þannig að ástandi þess sem vistaðist í klefanum.<sup>59</sup> Það má því ganga út frá því að skráningar beri með sér að rauneftirliti hafi verið sinnt þó svo að það hafi einungis farið fram með þessum hætti. Umboðsmaður hjó eftir því að enginn þeirra starfsmanna sem spurðir voru gat veitt svör við því hvar skráningar um þetta eftirlit kæmu fram, hvorki þeir sem starfa alla jafna í fangageymslu né stjórnendur, heldur var vísað til þess að tölvudeildin vissi hvar þessar skráningar væru geymdar.

Á fundi sem umboðsmaður átti með stjórnendum fangageymslunnar í kjölfar heimsóknarinnar virtist þeim ekki kunnugt um ýmislegt í þeirri framkvæmd sem lýst er hér að framan, svo sem að almennt hafi verið byrgt fyrir lúguop, framlýsta framkvæmd við lestur korta þegar rauneftirliti er sinnt og að hljóðmerki tengd bjöllum í tilteknum klefum hafi ekki verið virk. Þá virtust stjórnendur heldur ekki hafa verið upplýstir um ýmis alvarleg atvik sem komið höfðu upp í fangageymslunni, meðal annars þau tvö sem urðu tilefni heimsóknarinnar og vikið er að á nokkrum stöðum framar í skýrslunni. Varð þetta til þess að umboðsmaður ákvað að beina sjónum sínum sérstaklega að eftirliti af hálfu lögreglunnar með starfsemi í fangageymslunni.

Á fyrrnefndum fundi með stjórnendum kom fram að ekki væri farið kerfisbundið yfir skráningar úr fangageymslum. Þeir ættu hins vegar að fá tilkynningar um alvarleg atvik frá þeim sem starfa í fangageymslunni. Þá bærust þeim einnig upplýsingar um slík mál ef einstaklingur beinir máli sínu til nefndar um eftirlit með lögreglu (NEL) í kjölfar vistunar í fangageymslu. Hvað hið síðarnefnda varðar verður þó að hafa í huga að það er háð því að sá sem vistast hefur í fangageymslu beini máli sínu til nefndarinnar vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu, ámælisverðrar háttsemi eða framkomu starfsmanna lögreglu, eða almennra starfshátta.<sup>60</sup> Þótt nefndin geti einnig tekið atvik og verklag lögreglu upp að eigin frumkvæði,<sup>61</sup> er ekki augljóst hvernig henni eigi að berast upplýsingar um meðferð í fangageymslu sem gefa tilefni til slíkrar athugunar nema með aðkomu einhvers þess sem í hlut á, en sá hópur sem hér um ræðir er af mörgum ástæðum ekki líklegur til að leita réttar síns í kjölfar vistunar í fangageymslu telji hann á sér brotið í samskiptum við lögreglu.

59 Nánar er fjallað um þessa framkvæmd í köflum 4.5 og 6.1.

60 Sbr. 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 222/2017, um nefnd um eftirlit með lögreglu.

61 Sbr. 3. mgr. 2. gr. reglna nr. 222/2017, um nefnd um eftirlit með lögreglu.

Þar sem ljóst er að stjórnendum var, líkt og fyrr segir, ekki kunnugt um annars vegar mál sem umboðsmaður hafði fengið ábendingar um frá nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) og hins vegar alvarleg atvik sem starfsmönnum umboðsmanns varð kunnugt um af yfirferð myndupptaka í heimsókninni sjálfri verður ráðið að nefndar boðleiðir hafi ekki skilað þeim árangri sem æskilegur er í þessum efnum.

Í lögreglulögum er kveðið á um að ríkislögreglustjóri starfræki gæðaeftirlit með störfum lögreglu. Gæðastjóri fari með forstöðu eftirlitsins og sé sjálfstæður í störfum sínum.<sup>62</sup> Forstöðumenn bera hins vegar ábyrgð á því að stofnun undir stjórn viðkomandi starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf.<sup>63</sup> Má því ætla að til viðbótar við gæðaeftirlit með störfum lögreglu verði að viðhafa virkt atviks- og kerfisbundið eftirlit með daglegri starfsemi innan viðkomandi embætta, svo sem því hvort verklagi sé fylgt og hvort skráning endurspegli starfsemina með fullnægjandi hætti. Einnig eftirlit með frávikum sem verða í starfseminni. Þótt það sé ekki hlutverk umboðsmanns að segja til um með nákvæmum hætti hvernig slíku eftirliti sé best háttað vegna starfsemi fangageymslunnar verður að telja nauðsynlegt að stjórnendur hafi kerfisbundið eftirlit með skráningum og hvort verklagi sé fylgt. Þá sé skipulagi þannig háttað að tryggt sé að stjórnendum berist upplýsingar um alvarleg frávik og að þau séu þá greind og yfirfarin með það í huga hvort nauðsynlegt sé að bregðast við með einhverjum hætti, svo sem að ítreka það verklag sem er fyrir hendi eða endurskoða verklag eða starfshætti, þyki tilefni til.

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu** varðandi eftirlit með starfsemi fangageymslu:*

#### **Tilmæli**

- *Að taka eftirlit innan embættisins til endurskoðunar varðandi starfsemi fangageymslunnar við Hverfisgötu með það í huga að stjórnendum berist nauðsynlegar upplýsingar og séu nægilega meðvitaðir um starfsemina til að geta brugðist við kerfisbundnum ágöllum á henni eða einstökum atvikum sem þar koma upp.*

62 Sbr. j-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

63 Sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

---

## 7 Eftirfylgni

Umboðsmaður Alþingis mun áfram fylgjast með þróun mála sem og viðbrögðum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra, Landspítalans, dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra í kjölfar þessarar skýrslu sem getur orðið tilefni til þess að hún taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Í ljósi réttaröryggis þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu lögreglu og þeirra athugasemda sem settar eru fram í skýrslunni er þess óskað að **lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóri, Landspítalinn, dómsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið** upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. apríl 2026. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort tilmælin og ábendingarnar leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

Umboðsmaður Alþingis  
[www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is)

Þórshamri  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík